

Sp. 336. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á vélskipinu „Vico“ frá Noregi.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

Ríkisstjórninni er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði vélskipsins „Vico“ frá Noregi, þó eigi hærri fjárhæð en 697 þúsund norskum krónum, gegn 1. veðrétti í skipinu og öðrum tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Fyrir skömmu fékk Jón Kr. Gunnarsson, útgerðarmaður, Hafnarfirði, gjald-eyris- og innflutningsleyfi fyrir vélskipinu „Vico“ frá Noregi. Skipið er svo til nýtt, smíðað 1956, og er 193 brúttósmálestir að stærð. Fyrir nokkrum hluta kaupverðsins fékkst lán í Noregi, en þegar til kom, var ekki hægt að festa kaup á skipinu og notfæra sér lánið, nema ríkisábyrgð kæmi til. Eigandi þess leggur fram 40% kaupverðs. Lán það, er ríkissjóður tæki ábyrgð á, yrði tryggt með 1. veðrétti í skipinu og þar að auki fasteignaveðum og ábyrgð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Með skirskotun til þess, er að framan greinir, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir því, að ríkisábyrgð verði veitt, svo að kaup þessi geti tekizt.